

Textar



**HARMONÍU  
KÓRINN**

Vorið 2018 - Árbæjarkirkja

Útg. 3

Ave verum corpus

Ave verum corpus,  
natum ex Maria virgine,  
vere passum, immolatum  
in cruce pro homine.

Cujus latus perforatum  
vero fluxit sanguine,  
esto nobis praegustatum  
mortis in examine

O clemens, o pie,  
o dulcis Jesu,  
fili Mariae.

# Dies irae

Dies iræ, dies illa  
solvet sæclum in favilla,  
teste David cum Sybilla.

Quantus tremor est futurus,  
quando judex est venturus,  
cuncta stricte discussurus!

Dagur reiði, dagur bræði  
drekkið jörð með logaflæði,  
votta heilög Völufræði.

Dauðans ógn er Drottinn alda  
dóm í skýjum fer að halda,  
öllum makleg gjöld að gjalda.

*Matthías Jochumsson*

# Lacrimosa

Lacrimosa dies illa,  
Qua resurget ex favilla,  
Judicandus homo reus.  
Huic ergo parce, Deus.  
Pie Jesu Domine,  
dona eis requiem.

Dapurt mun þann dag á foldu,  
er dróttar sekar rísa úr moldu  
ad líða dóm á lýtum sönnum.  
Líkna, Guð, því aumum mönnum.  
Jesú, hilmir hreinn, lát þá  
hvíld og endurnæring fá.  
Amen.

*Matthías Jochumsson*

# Cantate Domino

Cantate Domino.

Canticum novum.

Laus ejus in Ecclesia sanctorum.

# Máriuvers

María, mild og há,  
móðir Guðs á jörð.  
Helga þér, viljum vér  
vora þakkargjörð.

Yi og trú andar þú  
um hinn kalda svörð.  
María, mild og há,  
móðir Guðs á jörð.

*Davíð Stefánsson*

# Vorljóð

Ó, skín þú sól á byggð og ból  
og breið þitt skart á dal og hól.  
Kom vor með ljúflingslag,  
með léttan sólskinsbrag  
Leys klakans bönd með hlýrri hönd  
og klæð þú jörð við fjall og fjörð  
|:í föt sín græn og ný.:|

|:Svíf þröstur kær, svíf þú hátt,  
svíf hátt í heiðloftið blátt,  
syng þú um sólskin og vor  
og syngjandi, yngjandi vor.:|

|:Vorfuglar vaka, kliða og kvaka,  
kominn er júní með albjarta nátt.  
Söngljóðin óma, sólgeislar ljóma.  
|:Sigur er unninn á vetrinum brátt.:|:|

En sólskin kemur, sólskin fer  
því ár og síð, ört flýgur tíð.  
Vorbirtan þver, kemur og fer  
sumar sitt blómaskrúð ber.  
Við skulum klingja, vonglaðir syngja  
vorinu fagnaðarbrag,

Ó, skín þú sól .... yngjandi vor.  
Kom vor!

# Ég gef þér vorsins rauðu rós

Ég gef þér vorsins rauðu rós,  
mitt rósamál um stærsta hrós,  
sem hlotnast getur heimi í  
minn hugur túlkar best með því.

Í blómsins ilmi býr mín sál  
og bros þess er mitt leyndarmál  
en blómsins hjarta er hjarta þitt  
með heitri bæn að verða mitt.



# Sem lindin tær

Ó hve |:gott á lítil lind:|  
leika |:frjáls um hlíð og dal:|  
líða |:áfram létt sem hind:|  
|:líta alltaf nýja mynd:|

Hvísla |:ljóði' að grænni grein:|  
|:glettast ögn við lítil blóm:|  
lauma |:kossi' á kaldan stein:|  
kastast áfram tær og hrein, já alltaf tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú  
og vakað gæti bæði dag'a og nætur.  
Þá öllum skyldi kveða óð um unað ást og trú  
sem aldrei bregst en huggast lætur.  
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær  
sem lög á sína undrastrengi slær.

*Bjarki Árnason*

# Sumardans

Þú syngur og dansar við sólroðans glóð,  
það sindrar í augum þrá.

Og birtan sem leikur um lokkanna flóð,  
hún lýsir upp fagra brá.

Og tónlistin seiðir fram dulúðgan dans,  
þá dillar sér glaðlegur ungmeyjarfans.

Í nótt muntu ganga um nýlagða slóð  
og njóta og elska' og dá.

Í nótt muntu dansa í nótt muntu sjá,  
hve náttúran spinnur vef.

Og máninn á himninum mænir þig á.  
Það marar í vatni sef.

Í nótt skaltu lifa því nóttin er þín,  
og náttfallið breiðir á jörðina lín.

En dagur fer síðan um dagmál á stjá,  
þá dofna þín léttu skref.

*Eiríkur Grímsson*

# Vegbúinn

Þú færð aldrei' að gleyma  
þegar ferðu á stjá  
þú átt hvergi heima  
nema veginum á.

Með angur í hjarta  
og dirfskunnar móð  
þú ferð þína eigin  
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá,  
segðu mér sögur,  
já segðu mér frá,  
þú áttir von,  
nú er vonin farin á brott  
flogin í veg.

Eitt er að dreyma  
og annað að þrá.  
þú vaknar að morgni  
veginum á.

*Kristján Kristjánsson*

# When I'm Sixty Four

When I get older losing my hair,  
many years from now,  
will you still be sending me a valentine,  
birthday greetings, bottle of wine?

If I'd been out till quarter to three,  
would you lock the door?  
Will you still need me, will you still feed me,  
When I'm sixty-four?

You'll be older, too.  
And if you say the word,  
I could stay with you.

I could be handy, mending a fuse  
when your lights have gone.  
I can knit a sweater by the fireside,  
Sunday morning go for a ride.

Doing the garden, digging the weeds,  
Who could ask for more?  
Will you still need me, will you still feed me,  
When I'm sixty-four?

Every summer we can rent a cottage in the Isle of Wight,  
if it's not too dear. We shall scrimp and save.  
Ah, grandchildren on your knee,  
Vera, Chuck and Dave.

Send me a postcard, drop me a line,  
stating point of view.  
Indicate precisely what you mean to say,  
Yours sincerely, wasting away.

Give me your answer, fill in a form  
Mine for evermore.  
Will you still need me, will you still feed me,  
When I'm sixty-four?

*John Lennon / Paul McCartney*

# Vetrarlokasöngur

Hæ! hó! Velkomið vor  
veturinn þokaðist fjær.  
Skál, skál, himinn og haf  
hlýnar og dalurinn grær.  
Þorskurinn færast á fjörðinn inn  
og fiskimaðurinn rær.  
Dimman eyðist, því dagurinn er  
dálítið lengri en í gær.

Bí, bí, fleygur og frjáls  
fuglinn í loftinu hlær.  
Hæ! hó! sumar og sól  
sólin er mönnunum kær.  
Á grundunum elta gróðurinn  
gemlingar, hrútar og ær  
og litla stúlkan og strákurinn  
eru stærri í dag en í gær.  
Hæ! hó!

*Skúli Guðmundsson*

